

atvinna

Atvinna
mbl.is

Gestir í vikunni 9.624 » Innlit 17.660 »
Flettingar 132.218 » Heimild: Samræmd vefmæling



Atvinna á Tálknafirði Vegna forfalla vantar einn kennara

við Tónlistarskólann og Grunnskólann á Tálknafirði frá áramótum. Samanlagt er um að ræða 100% starf við tónlistarkennslu og kennslu á grunnskólastigi. Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 456 2537/897 6872.

Netfang: grunnskolin@talknafjordur.is

Grunnskólinn á Tálknafirði er þátttakandi í Olweusarverkefni Menntamálaráðuneytisins gegn einelti. Skólinn hefur verið þátttakandi í grænfánaverkefni Landverndar síðan 2004, flaggaði Grænfánanum fyrst vorið 2006 og fékk nýjan fána sl. vor. Skólinn hefur undanfarin ár, í samstarfi við Grunnskóla Vesturbýggðar, unnið að þróun dreifmenntarkennslu á grunnskólastigi í verkefni sem nefnist Dreifmennt v/Barð. Unnið verður að frekari þróun þessa verkefnis á næsta skólaári, nú einnig í samstarfi við grunnskóla á norðanverðu Snæfellsnesi. Í Grunnskólanum á Tálknafirði eru 46 nemendur í 1.-10. bekk. Í Tónlistarskólanum eru um 30 nemendur, skólarnir eru í sama húsnæði. Hægt er að fræðast um grunnskólann á vefsíðu Tálknafjarðarhrepps <http://www.talknafjordur.is/talknafjordur/ibuavefur/grunnskolin/>

Umsóknarfrestur er til 12. desember nk.

Einnig er laust starf í íþróttamiðstöð Tálknafjarðar. Um er að ræða eftirlit með sundlaug og íþróttahúsi. Æskileg kunnátta í skyndihjálpi og tungumálum auk færni í mannlegum samskiptum. 60% starf. Upplýsingar gefur forstöðumaður í síma 456 2639/690 9939.

Okkar rannsóknir - allra hagur



Spennandi starfsvettvangur Frábær tækifæri!

Matís auglýsir eftir nemendum á framhaldsstigi til að vinna lokaverkefni og einstök verkefni í samstarfi við fyrirtækið. **Nemendur í meistara- og doktorsnámi í matvælafræði, lífefnafræði, iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði, tölvunarfræði, næringarfræði og efnafræði** eru sérstaklega hvattir til að setja sig í samband við fyrirtækið.

Áhugasamir hafi samband við Jón H. Arnarson, mannauðsstjóra Matís, í síma 422 5000 eða jon.h.arnarson@matis.is.

Matís er matvælarannsóknafyrirtæki sem starfar á þremur sviðum: vinnslu og vörubrúun, líftækni og matvælaöryggi. Hjá Matís starfa rúmlega 100 manns á sjö stöðum á landinu. Hlutverk Matís er að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs, bæta lýðheilsu og tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu umhverfisins með rannsóknum, nýsköpun og þjónustu. Matís er spennandi starfsvettvangur fyrir nemendur í framhaldsnámi.

Frekari upplýsingar má finna á www.matis.is

Matis ohf.

Borgartúni 21
105 Reykjavík

422 5000
www.matis.is



Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína.

Landsnet annast jafnframt kerfisstjórn og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örur vexti.

RAFORKUKERFI VERKFRÆÐINGUR/TÆKNIFRÆÐINGUR

Landsnet hf. leitar að rafmagnsverkfræðingi/-tæknifræðingi til starfa í stjórnstöð kerfisstjórnar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Meginhlutverk kerfisstjórnar er að stjórna rekstri raforkukerfisins frá stjórnstöð. Auk þess gerir kerfisstjórn þær áætlanir sem þarf vegna reksturs kerfisins og sér um viðhald þeirra kerfa sem tilheyra starfseminni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði á sterkstraumssviði
- Frumkvæði
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Samstarfshæfileikar
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Hæfileiki til að tjá sig í töluðu og rituðu máli

Helstu starfsþættir

- Þátttaka í fjargæslu og stjórnun raforkukerfis
- Áætlanagerð vegna reksturs raforkukerfis
- Kerfisgreining með notkun reiknilíkana
- Tæknilegar úttektir o.fl.

Í boði er:

- Fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænt starfsumhverfi

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000